



**Ávarp**  
**Forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**við setningu norrænnar ráðstefnu**  
**um Bókmenntasöfn**  
**Norræna húsið**  
**Reykjavík**  
**2. október 2003**

Ágætu ráðstefnugestir.  
Kæru norrænu vinir.

„Hátt í brekku þar sem sér yfir húspökin klúkir timburkofi með skúrþaki og bíslagi, eitt herbergi með eldstæði, og skonsa, og hér situr fögur maður við glugga snemma vors og bíar barni sínu veiku. Ólafur skáld Kárason Ljósvíkingur.“ Á þessum orðum hefst Hús skáldsins, þriðji hlutinn af Heimsljósi Halldórs Laxness, einhverri mögnuðustu lífssögu skálds sem rituð hefur verið á íslenska tungu.

Íslendingar hafa frá fyrstu tíð skipað skáldum sínum í öndvegi enda þótt lýsing Halldórs Laxness á sex ára vist Ólafs Kárasonar Ljósvíkings í skáldahúsinu Upphæðum sé kannski ekki til vitnis um það. Fyrstu atvinnurithöfundar á Norðurlöndum voru íslensk hirðskáld sem ferðuðust milli konunga og jarla á Norðurlöndum og Bretlandseyjum og fluttu þessum tignarmönnum flokka og drápur og þáðu að launum hirðvist eða önnur góð laun, gullhring eða dýra skikkju, skarlatsklæði eða silfurrekna breiðöxi, eða höfuð sitt eins og Egill Skallagrímsson í Jórvík. Íslenskir sagnaritarar á miðöldum urðu helstu heimildarmenn um sögu Norðurlanda og óþekktir snillingar settu saman Íslendingasögurnar, einstætt framlag okkar til heimsbókmenntanna.

Það er ánægjuefni að forráðamenn norrænna bókmenntasafna skuli nú koma saman á Íslandi og bera saman bækur sínar um það hvernig best verði að því staðið að vekja lifandi áhuga og vakandi forvitni um líf og verk þeirra ágætu höfuðskálda sem söfn þeirra eru helguð. Bókmenning á undir högg á sækja í vaxandi samkeppni við margvíslega auðfengna afþreyingu í tónum og myndum og því afar brýnt að styrkja með ráðum

og dáð hvers konar viðleitni sem miðar að því að kveikja áhuga á bókmenntum, kalla nýja lesendur að verkum höfuðskálda.

Enda þótt við Íslendingar séum skammt á veg komnir við að byggja upp sérstök söfn sem helguð eru minningu þeirra skálda og listamanna sem fremst hafa skarað höfum við síðustu öldina eða svo eignast allmörg söfn í húsum skálda. Flest eru þau á Akureyri: Sigurhæðir þar sem Matthías Jochumsson klerkur og sálmaskáld bjó, Davíðshús kennt við ljóðskáldið Davíð Stefánsson frá Fagraskógi og Nonnahús þar sem Jón Sveinsson, Nonni, sleit barnskóm, en Nonni var á síðustu öld einhver þekktasti íslenski rithöfundurinn erlendis og enn hitti ég áhrifamenn frá Þýskalandi og öðrum löndum sem lásu ungir margar Nonnabækur og eiga sér þá ósk heitasta að komast á slóðir Nonna á Akureyri.

Í Reykjavík og nágrenni erum við skemmra á veg komin en það var mér ánægjuefni þegar ég var fjármálaráðherra fyrir rúmum tíu árum að stuðla að samkomulagi við Reykjavíkurborg sem fól í sér að ríkið varðveitti Skriðuklaustur á Austurlandi þar sem Gunnar Gunnarsson rithöfundur reisti sér og fjölskyldu sinni einstakt hús rétt fyrir síðari heimsstyrjöldina og bærinn á Skriðuklaustri varð tákn fyrir frægðarljómann sem Gunnar flutti með sér heim – og Reykjavíkurborg, þá undir forystu Davíðs Oddssonar núverandi forsætisráðherra, tók að sér að varðveita hið nýtískulega hús skáldsins á Dyngjuvegi í Reykjavík sem Gunnar Gunnarsson reisti eftir að hann flutti suður og teiknað var af Hannesi Davíðssyni arkitekt sem lengi var forseti Bandalags íslenskra listamanna; og nú eru í því húsi höfuðstöðvar Rithöfundasambands Íslands.

Nýlega var svo gert samkomulag við fjölskyldu Halldórs Kiljans Laxness um að íslenska þjóðin eignaðist Gljúfrastein í Mosfellsdal þar sem skáldið bjó í áratugi, hvítt hús við þjóðveginn sem ætíð bjó yfir dulúð, einkum þegar Halldór sat þar við skriftir og vegfarendur sem óku í áttina að Þingvöllum hugsuðu með tilhlökkun til næstu bókar skáldsins.

Halldór Laxness var uppallinn í Mosfellsdal, þar voru rætur hans og æskustöðvar, og eftir að hann byggði Gljúfrastein urðu heiðarnar, fjöllin og dalirnir í nágrenninu hans daglegu gönguslóðir og því þyrfti í raun að friða allt þetta umhverfi ef við í framtíðinni eigum að geta gengið um slóðir skáldsins og hugleitt hvernig hann sótti innblástur í náttúruna. Væri fróðlegt að vita hvort hugað hefur verið að því í öðrum löndum að varðveita stór landsvæði í kringum hús skáldanna þegar vitað er að hin einstæða náttúra nágrennisins var ríkur þáttur í andlegri vellíðan og hugsun skáldsins.

Gljúfrasteinninn varð í vitund Íslendinga hið eina og sanna hús skáldsins svo notað sé nafnið sem Halldór gaf í Heimsljósi hreysi hins

fátæka alþýðuskálds Ólafs ljósvíkings og þjóðin mun vafalaust vanda vel hvernig á Gljúfrasteini verður kappkostað að varðveita minningarnar um ævi og störf Nóbelskáldsins.

Halldór Kiljan Laxness var ásamt Snorra Sturlusyni mesta skáld sem Íslendingar hafa eignast þótt sjö aldir skildu þá að og verður skemmtilegt að sjá hvernig Snorrastofa í Reykholti sem við Haraldur Noregskonungur opnuðum fyrir fáeinum árum mun í framtíðinni kallast á við starfsemina á Gljúfrasteini en gaman hefur verið að fylgjast með því hve öflugt fræðasetur og umræðuvettvangur Snorrastofa er nú orðin.

Við Íslendingar þurfum líka að læra af reynslu frændþjóða okkar og annarra á þessu sviði, hvernig hús skáldanna hafa orðið aflvakar sem stuðla að víðtækum áhuga á bókmenntum og opna nýjum kynslóðum veröldina sem skáldin skópu.

Bókmenntasöfn geta orðið veigamikill þáttur í menningartengdri ferðþjónustu framtíðarinnar og einnig drjúg tekjulind og því eru ærin rök fyrir því að verja verulegum fjármunum til að byggja þau upp.

Bókmenntasöfnin eru þó fyrst og fremst áfangastaðir þar sem sjálfsvitund okkar skýrist og styrkist, fyrirheit um að menning og saga verði öllum aðgengileg á heillandi hátt.

Því fögnum við sérstaklega fundi ykkar hér á landi og vonum að umræður ykkar og ábendingar muni stuðla að merkum áföngum í framtíðinni. Með þeim orðum lýsi ég því yfir að ráðstefnan er hér með hafin.